**ALUR, álvinnsla hf.**
**Kt. 590398-2099.**

**Umhverfisstofnun**
**Suðurlandsbraut 24**
**IS - 108 Reykjavík.**

**Kópavogi, 29. júní 2007.**
Tilvísun: UST20070300196/þek

## Grænt bókhald fyrir árið 2006.

Meðfylgjandi eru tvö eintök af uppgjöri Græns bókhalds ALS, álvinnslu hf fyrir árið 2006. Hvort eintak er undirritað af einum stjórnarmanni sem er meirihluti þriggja manna stjórnar félagsins. Ekki náðist í þriðja stjórnarmanninn sem er fjarverandi í fríi.

Verði óskað frekari upplýsinga eða ef umrædd gögn eru að einhverju leiti ófullnægjandi er þess vinsamlega farið á leit, að fyrirspurnum og athugasemdum sé beint til undirritaðs.

Virðingarfyllst

ALUR, álvinnsla hf

Þórður Jónsson
C/o I R D ehf
Pósthólf 29
IS-200 Kópavogur

Sími: 467 1875 - 894 2311.

GRÆNT BÓKHALD ÁRIÐ 2006

FYRIR

AL ÁLVINNSLU HF
KT.: 590398-2099
SUNDAGÖRÐUM 2,
104 REYKJAVÍK

## STAÐFESTING ENDURSKOÐENDA

**Til stjórnar Als, álvinnslu hf.**

Við höfum endurskoðaða skýrslu um grænt bókhald Als, álvinnslu hf. fyrir árið 2006, en hún hefur að geyma yfirlýsingu framkvæmdastjóra, yfirlit um orku- og hráefnanotkun ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum starfseminnar er háttað. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að tölur sem gegnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningi séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til þess að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar skýrla um grænt bókhald Als, álvinnslu hf sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2006 og að aðrar upplýsingar sem í henni fram koma séu rétt fram settar.

**Reykjavík, 28. júní 2007**

**Endurskoðunar- og bókhaldsþjónstan ehf**

*Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi*

## UMHVERFISSTEFNA

Alur hf skuldbindur sig til að uppfylla þá samninga sem fyrirtækið hefur gert við viðskiptavini sína. Í því felst m.a. að ná sem bestri nýtingu í ferlinu og búa til afurð sem uppfyllir væntingar viðskiptavinanna.

Alur hf setur í öndvegi öryggi þess fólks sem sinnir daglegri vinnslu félagsins og leggur mikla áherslu á gæðavitund þess og meðvirkni við að uppfylla gæðakröfur.

Alur hf hefur að leiðarljósi að valda sem minnstum náttúruspjöllum og mengun. Liður í þeirri viðleitni er að velja bestu fáanlegu tækni, og leita á hverjum tíma leiða til að meðhöndla aukaefni í vinnslunni með þeim hætti sem leiðir til minnstrar röskunar á umhverfi.

Stjórnendur Als hf skuldbinda sig til að horfa gagnrýnum augum á öll ferli fyrirtækisins með það að leiðarljósi að endurbæta þau. Alur hf stefnir að því að byggja upp stjórnkerfi sem uppfyllir kröfur ISO9001:2000 staðalsins.

Kópavogi 28. júní 2007

Þórður Jónsson

# FRAMLEIÐSLA og NOTKUN HRÁEFNA og ORKU 2006

| | Eining | 2006 |
|---|---|---|
| **Framleiðsla ársins** | kg. | 2.307.398 |
| **HRÁEFNI:** | | |
| Unnið álgjall | kg. | 4.854.577 |
| **ORKA OG ELDSNEYTI:** | | |
| Súrefni | kg. | 476.427 |
| Rafmagn | kwst. | 346.673 |
| Olía (skipagasolía) | ltr. | 150.997 |

| | | |
|---|---|---|
| **LOSUN Í ANDRÚMSLOFT:** | | |
| Ryk | kg | 405 |
| $CO_2$ | kg | 397.361 |
| $SO_2$ | kg | 509 |
| **ÚRGANGUR:** | | |
| Afsogsryk | kg | 90.000 |
| Gjallsandur | kg | 2.457.179 |

Kópavogi 28. júní 2007

## STAÐFESTING STJÓRNAR

Stjórn Als, álvinnslu hf staðfestir hér með þær upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu um grænt bókhald félagsins vegna starfsemi í Helguvík árið 2006.

Að áliti stjórnarinnar koma fram í skýrslunni allar nauðsynlegar upplýsingar og magntölur um hvernig starfsemi félgsins var háttað.

**Í stjórn Als, álvinnslu hf**

29/6/07

## STAÐFESTING STJÓRNAR

Stjórn Als, álvinnslu hf staðfestir hér með þær upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu um grænt bókhald félagsins vegna starfsemi í Helguvík árið 2006.

Að áliti stjórnarinnar koma fram í skýrslunni allar nauðsynlegar upplýsingar og magntölur um hvernig starfsemi félgsins var háttað.

**Í stjórn Als, álvinnslu hf**

Neskaupstað 29. júní 2007

Kristófer Ragnarsson 111168-4589